

## Sterkt ár að baki og stöðugleiki í rekstri

16% tekjuvöxtur var á fjórða ársfjórðungi, EBITDA á árinu var 1.021 mkr og heildarhagnaður 383 mkr

REYKJAVÍK - 31. janúar 2017 – Nýherji kynnti í dag ársuppgjör félagsins

### Helstu upplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.233 mkr á fjórða ársfjórðungi (15,5% tekjuvöxtur frá F4 2015) og 14.788 mkr á árinu 2016 (10,9% tekjuvöxtur frá 2015) [F4 2015: 3.663 mkr, 2015: 13.332 mkr]
- Framlegð nam 1.108 mkr (26,2%) á fjórða ársfjórðungi og 3.784 mkr (25,6%) á árinu 2016 [F4 2015: 956 mkr (26,1%), 2015: 3.421 mkr (25,7%)]
- EBITDA nam 335 mkr (7,9%) á fjórða ársfjórðungi og 1.021 mkr (6,9%) á árinu 2016 [F4 2015: 315 mkr (8,6%), 2015: 1.008 (7,6%)]
- Heildarhagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 180 mkr og 383 mkr á árinu 2016 [F4 2015: 135 mkr, 2015: 328 mkr]
- Hagnaður á hlut 0,83 [2015: 0,84]
- Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2017
- Aðalfundur félagsins verður haldinn 3. mars 2017
- Eiginfjárhlutfall 34% í lok árs en var 28% í lok árs 2015
- Mikil tekjuvöxtur í hugbúnaðartengdri starfsemi
- Nýherji tók við rekstri upplýsingatæknikerfa Arion banka við lok fjórða ársfjórðungs
- Aukin verkefni í kjarnabankalausnum; Ný verkefni fyrir Landshypotek og innleiðing hjá SBAB í Svíþjóð

### Finnur Oddsson, forstjóri:

„Við erum ánægð með nýliðið rekstrarár hjá Nýherjasamstæðunni, enda með þeim betri í sögu félagsins. Þrátt fyrir rólega byrjun á árinu var tekjuvöxtur vel viðunandi eða um 11% og var hann mestur í hugbúnaðartengdri starfsemi. Þar má nefna að viðskiptavinir Tempo eru nú nálægt 10.000 og jukust tekjur þar um 40% á milli ára. Svipaða sögu má segja af Applicon AB, TM Software og hugbúnaðarsviði Nýherja þar sem tekjuaukning er á bilinu 20-45%.

Þessi árangur náðist þrátt fyrir töluverðar hækkanir á launum vegna kjarasamninga og umtalsverða fjárfestingu í lausnabróun, þjónustu og öflugri rekstarinnviðum. Þessi fjárfesting gerir okkur kleift að þjónusta viðskiptavinum okkar enn betur og það er afar ánægjulegt að sjá uppskeru umbótastarfs síðustu missera í spennandi samstarfi við fjölda nýrra viðskiptavina, t.a.m. SBAB bankans í Svíþjóð og Arion banka hér heima. Við finnum fyrir auknum áhuga fyrirtækja og stofnana á úthýsingu upplýsingatæknirekstrar. Þetta er jákvæð þróun, enda höfum við ekki áður verið betur í stakk búin til að sinna slíkri þjónustu fyrir viðskiptavinum okkar á hagkvæman og öruggan hátt.

Rekstur Nýherja hefur nú verið í ágætu jafnvægi þrjú síðustu ár, en á þeim tíma hefur eiginfjárstaða styrkst til muna. Þrátt fyrir ögrandi rekstrarumhverfi framundan, m.a. vegna samningsbundinna launahækkana, þá gerum við ráð fyrir að grunnrekstur samstæðunnar verði áfram stöðugur. Við horfum svo til þess að fjárfesta í og nýta okkur fjölda spennandi tækifæra hjá Nýherja, Applicon, TM Software og Tempo. Við erum því í sóknarhug og teljum horfur almennt góðar.“

**Rekstrarreikningur 2016**

Rekstrarreikningur - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	12M 2016	12M 2015
Seldar vörur og þjónusta	14.788	13.332
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(11.004)	(9.911)
<b>Framlegð</b>	<b>3.784</b>	<b>3.421</b>
Rekstrarkostnaður	(3.278)	(2.774)
<b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>505</b>	<b>647</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(111)	(216)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>394</b>	<b>431</b>
Tekjuskattur	(22)	(84)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>372</b>	<b>346</b>
Þýðingarmunur dótturfélaga	11	(19)
<b>Heildarhagnaður ársins</b>	<b>383</b>	<b>328</b>
<b>EBITDA</b>	<b>1.021</b>	<b>1.008</b>

- Sala á vöru og þjónustu nam 14.788 mkr árið 2016, samanborið við 13.332 mkr árið 2015, sem er aukning um 10,9% á milli ára
- Framlegð nam 3.784 mkr (25,6%) árið 2016, samanborið við 3.421 mkr (25,7%) árið 2015
- Rekstrarkostnaður var 3.278 mkr árið 2016 (22,2% af tekjum), samanborið við 2.774 mkr (20,8% af tekjum) árið 2015 og vegur þar hæst kjarasamningsbundnar launahækkningar í byrjun árs
- Rekstrarhagnaður var 505 mkr (3,4%) árið 2016, samanborið við 647 mkr (4,9%) árið 2015
- EBITDA var 1.021 mkr (6,9%) árið 2016, samanborið við 1.008 mkr (7,6%) árið 2015
- Heildarhagnaður árið 2016 nam 383 mkr, samanborið við 328 mkr árið 2015

**Efnahagsreikningur 31.12.2016**

Efnahagsreikningur 31.12.2016 – Lykiltölur		
Í milljónum ISK	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir	3.287	3.187
Veltufjármunir	3.624	3.719
<b>Eignir samtals</b>	<b>6.911</b>	<b>6.907</b>
Eigið fé	2.329	1.930
Langtímaskuldir	2.028	2.521
Skammtímaskuldir	2.553	2.455
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.911</b>	<b>6.907</b>
Veltufjárhlutfall	1,42	1,52
Eiginfjárhlutfall	33,7%	28,0%

- Veltufjármunir lækka um 95 mkr frá árslokum 2015, úr 3.719 mkr í 3.624 mkr. Viðskiptakröfur lækka um 191 mkr, en birgðir og handbært fé hækka á móti um 96 mkr
- Eigið fé eykst um 399 mkr á árinu, úr 1.930 mkr í árslok 2015 í 2.329 mkr í árslok 2016
- Eiginfjárhlutfall hækkar frá árslokum 2015 og er 33,7% samanborið við 28,0% í lok árs 2015
- Veltufjárhlutfall var 1,42 í lok árs 2016, en var 1,52 í lok árs 2015
- Vaxtaberandi skuldir lækka um 663 mkr á árinu og voru 2.150 mkr í árslok 2016. Á árinu voru skuldir endurfjármagnaðar og lánasamsetningu breytt til að endurspegla tekjustreymi í erlendum gjaldmiðlum. Allar vaxtaberandi skammtímaskuldir voru greiddar upp á árinu

**Sjóðstreymi 2016**

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	12M 2016	12M 2015
Handbært fé frá rekstri	1.267	966
Fjárfestingarhreyfingar	(771)	(615)
Fjármögnunarhreyfingar	(402)	386
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>93</b>	<b>737</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(31)	(6)
Handbært fé í ársbyjun	809	79
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>872</b>	<b>809</b>

- Handbært fé frá rekstri var 1.267 mkr í lok árs 2016, samanborið við 966 mkr í lok árs 2015
- Fjárfestingarhreyfingar eru 771 mkr árið 2016, en voru 615 mkr árið 2015. Fjárfesting í rekstrarfjármunum árið 2016 var 79 mkr hærri en árið 2015 og fjárfesting í óefnislegum eignum var 71 mkr hærri en í fyrra
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 402 mkr árið 2016, samanborið við jákvæða hreyfingu upp á 386 mkr árið 2015. Á árinu voru lán endurfjármögnun og hluta til greidd upp sem skýrir breytinguna milli ára
- Handbært fé í lok árs nam 872 mkr samanborið við 809 mkr í lok árs 2015

**Rekstrarniðurstaða á fjórða ársfjórðungi 2016**

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F4 2016	F3 2016	F2 2016	F1 2016	F4 2015
Seldar vörur og þjónusta	4.233	3.429	3.794	3.332	3.663
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(3.125)	(2.569)	(2.863)	(2.447)	(2.707)
<b>Framlegð</b>	<b>1.108</b>	<b>860</b>	<b>931</b>	<b>885</b>	<b>956</b>
Rekstrarkostnaður	(915)	(746)	(800)	(818)	(750)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>193</b>	<b>114</b>	<b>131</b>	<b>67</b>	<b>206</b>
Hrein fjármagnsgjöld	(13)	(16)	(38)	(45)	(33)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>180</b>	<b>98</b>	<b>93</b>	<b>23</b>	<b>173</b>
Tekjuskattur	19	(22)	(18)	(1)	(27)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>199</b>	<b>76</b>	<b>75</b>	<b>22</b>	<b>146</b>
Þýðingarmunur dótturfélaga	(19)	17	(2)	16	(11)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>180</b>	<b>93</b>	<b>73</b>	<b>38</b>	<b>135</b>
<b>EBITDA</b>	<b>335</b>	<b>247</b>	<b>259</b>	<b>180</b>	<b>315</b>

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.233 mkr á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 3.663 mkr á fjórða ársfjórðungi 2015, sem er aukning um 15,5% á milli ára
- Framlegð nam 1.108 mkr (26,2%) á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 956 mkr (26,1%) á fjórða ársfjórðungi 2015
- Rekstrarkostnaður var 915 mkr (21,6% af tekjum) á fjórða ársfjórðungi, samaborið við 750 mkr (20,5% af tekjum á fjórða ársfjórðungi 2015)
- EBITDA nam 335 (7,9%) mkr á fjórða ársfjórðungi 2016, samanborið við 315 mkr (8,6%) á sama tímabili í fyrra
- Heildarhagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 180 mkr (4,3%), samanborið við 135 mkr (3,7%) á sama tímabili í fyrra

## Ágætt rekstrarár að baki

### Endasprettur undir lok árs hjá móðurfélagi Nýherja

Mjög góð sala var á lausnum og þjónustu Nýherja (móðurfélags) á fjórða ársfjórðungi. Tekjur á árinu námu 10.200 mkr, sem er aukning um rúmlega 9% á milli ára og afkoma var á áætlun. Lausnaframboð Nýherja er viðamikilið og nær til flestra sviða í upplýsingatækni sem miðar að þörfum viðskiptavina. Lausnirnar eru bæði eigin þróun og aðlögun frábærra lausna frá sterkum samstarfsaðilum. Það er mjög ánægjulegt að allar lausnirnar eru að skila miklum árangri fyrir viðskiptavinum þar sem mikil eftirspurn og vöxtur er í öllu lausnarframboði Nýherja. Nýherji hefur í auknum mæli boðið upp á ráðgjöf vegna hugbúnaðarleyfa og hugbúnaðarlausna fyrir stjórnendur markaðsmála, öryggis- og gæðastýringar. Mikill vöxtur var í sölu á slíkum lausnum, t.a.m. Tealeaf og QRadar frá IBM og Focal gæðastýring. Góð sala var einnig í hugbúnaði, vélbúnaði og rekstrarsamningum fyrir hraðbanka.

Undanfarin misseri hefur mikil áhersla verið lögð á að byggja enn öflugri þjónustuinngviði hjá Nýherja, með verulegri fjárfestingu í ferlum, gæðastýringu og þjónustumeningu. Að auki hefur verið fjárfest í nýjum miðlægum rekstrarinnviðum sem hýstir eru í gagnaveri hjá Verne Global á Reykjanesi og nýtur fjöldi viðskiptavina Nýherja nú rekstraröryggis og hagkvæmni sem var áður óþekkt í íslensku upplýsingatæknihverfi. Nýherji er því vel í stakk búinn til að bregðast við auknum áhuga hjá íslenskum fyrirtækjum og stofnunum á úthýsingu rekstrarþátta, m.a. í fjármálastarfsemi þar sem miklar kröfur eru gerðar til öryggis.

Nýherji tók við rekstri upplýsingatæknikerfa Arion banka í lok fjórða ársfjórðungs, en um er að ræða rekstur allra miðlægra innviða og kerfa, tækniborðs og almennrar tækni- og vettvangsþjónustu fyrir bankann. Á þriðja tug sérfræðinga frá Arion banka hóf störf hjá Nýherja í kjölfarið. Horft er til þess að mörg fjármálafyrirtæki leita nú að leiðum til að hagræða í rekstri, m.a. með útivistun. Nýherji er í góðri aðstöðu til að sinna slíkri þjónustu á hagkvæman og öruggan hátt.

Ívar Kristjánsson tók sæti formanns stjórnar Nýherja í kjölfar þess að Benedikt Jóhannesson sagði sig úr stjórn félagsins í desember sem leið. Benedikt hafði starfað í stjórn Nýherja í rúmlega 22 ár. Á sama tíma tók Guðmundur Jóh. Jónsson sæti í aðalstjórn.

Rekstrarhorfur hjá móðurfélagi Nýherja eru góðar.

### 20% tekjuvöxtur hjá TM Software

TM Software leggur áherslu á þróun á eigin hugbúnaðarvörum og veitir þjónustu og ráðgjöf fyrir sérhæfðar hugbúnaðarlausnir á þremur sviðum, heilbrigðislausnir, ferðalausnir og þjónustusíður og sérlausnir. Rekstur TM Software gekk vel og námu tekjur 1.163 mkr sem er 20% aukning á milli ára. Afkoma ársins var góð og yfir áætlunum og gefur færi á frekari stuðningi við áhugaverð nýsköpunar- og þróunarverkefni. Starfsfólki fjölgaði töluvert á árinu í takti við aukin umsvif og eftirspurn eftir þjónustu.

Horfur í rekstri TM Software eru góðar, m.a. vegna mikils vaxtar í þeim atvinnugreinum sem félagið þjónar.

### **Tempo: 40% tekjuvöxtur og aukin umsvif í Montreal**

Tempo þróar lausnir til tímaskráningar, áætlunargerðar og verkefnasumsjónar sem seldar eru sem áskriftarþjónusta (SaaS) til nálægt 10.000 viðskiptavina í meira en 100 löndum. Tekjur á árinu námu ríflega 13 milljónum USD og jukust um 40% milli ára.

Þrátt fyrir ágæta afkomu hafði styrking krónunnar á árinu neikvæð áhrif á rekstur. Allar tekjur eru í bandaríkjadöllum en kostnaður að mestu enn í íslenskum krónum. Á árinu var því lögð áhersla á uppbyggingu starfsemi Tempo erlendis, með opnun skrifstofu í San Francisco og fjölgun starfsfólks í Montreal. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 95 manns, þar af tæplega 20 í Montreal og San Francisco. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu starfsemi erlendis, einkum í Montreal, þar sem rekstraumhverfi er mjög hagstætt hugbúnaðarfyrirtækjum sem leggja áherslu á vörubróun og nýsköpun.

Öll sala Tempo fer í gegnum Atlassian Marketplace, sem viðbót við JIRA, en á árinu var fjárfest í tölvuský-innviðum sem munu til lengri tíma gera Tempo kleift að bjóða lausnir utan Atlassian umhverfisins. Tekjur munu því til framtíðar byggja annars vegar á vexti og viðgangi Atlassian, sem stöðugt eykur umsvif með innri og ytri vexti, og hins vegar óháð Atlassian og með tengingu við önnur hugbúnaðarkerfi.

Á síðastliðnu ári réði Nýherji hf. AGC Partners LLC til ráðgjafar og stuðnings við undirbúning á mögulegu sölufarli á Tempo ehf. Frekari ákvarðanir um hvort af sölufarli verður, tímasetningar eða útfærslu, liggja ekki fyrir.

Áfram er gert ráð fyrir kröftugum vexti tekna Tempo.

### **Applicon ehf: Fjárfesting í þróun og afkoma undir væntingum**

Applicon á Íslandi sérhæfir sig í ráðgjöf, þjónustu og þróun á sviði viðskiptahugbúnaðar. Tekjur voru 1.119 mkr, sem er svipað og árið á undan. Afkoma var töluvert undir væntingum, en það má einkum rekja til þeirrar áherslu félagsins að fjárfesta verulega í þróun á mannauðs- og launalausnum. Jafnframt voru stór innleiðingarverkefni fyrir nýja viðskiptavini kostnaðarsamari gert var ráð fyrir.

Verkefni og gangsetningar á SAP HANA gengu vel, ekki síst fyrir bankakerfi Landshypotek og SBAB. Applicon er nú í fararbroddi á Norðurlöndum á sviði þekkingar á SAP HANA. Applicon kom að nokkrum umfangsmiklum söluverkefnum, bæði á Íslandi og í Svíþjóð og munu sölu- og ráðgjafartekjur þeim tengdum byrja að skila sér á fyrstu mánuðum 2017.

Síðustu ár hefur Applicon staðið fyrir umtalsverðri og kostnaðarsamri þróun nýrra lausna sem nú teljast fullbúnar. Vegna þess verður dregið úr slíkum fjárfestingum á árinu 2017 og sama tíma er gert ráð fyrir að áskriftartekjur af sölu hugbúnaðarlausna aukist jafnt og þétt.

Reiknað er með hóflegri tekjuaukningu á næstu misserum og að afkoma verði mun betri en var á liðnu ári.

## **Applicon AB: Ný verkefni og 25% tekjuvöxtur**

Rekstur Applicon AB í Svíþjóð gekk vel og voru tekjur og afkoma á áætlun. Tekjur námu 91 milljón SEK, sem er tæplega fjórðungsaukning á milli ára.

Vel hefur gengið að koma kjarnabankalausnum frá SAP og tengdum viðbótarlausnum frá Applicon ehf. á framfæri við sænsk fjármálafyrirtæki. Til viðbótar við umfangsmikla þjónustu og verkefni fyrir Landshypotek bankann þá var í september tímamótasamningur um sölu og innleiðingu á kjarnabankakerfum fyrir SBAB Bank AB. Applicon mun sjá um innleiðingu kerfanna hjá bankanum og tengja þau við önnur kerfi og sænska greiðslumiðlun. Verkefnið er til þriggja ára og mun það skjóta enn styrkari stoðum undir þann rekstur sem Applicon hefur byggt síðustu ár sem leiðandi í innleiðingu, ráðgjöf og rekstri á alþjóðlegum kjarnabankalausnum.

Að lokinni innleiðingu mun Applicon AB sjá um hugbúnaðarrekstur á kerfunum fyrir SBAB og sér þá um rekstur kjarnabankakerfa fyrir tvo af tíu stærstu bönkum Svíþjóðar, SBAB Bank og Landshypotek Bank. Að auki veitir Applicon viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu á tveimur öðrum sviðum, þ.e. Capital Markets og Leasing & Finance.

Megin skýringar á góðri afkomu félagsins er betri nýting á útseldum tímum sérfræðinga, hærra tímaverð og aukin eftirspurn eftir sérfræðingum. Horfur á öllum sviðum eru góðar.

### **Horfur**

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hóflegum vexti tekna og afkomu Nýherja og dótturfélaga.

### **Hluthafar**

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok árs 2016 var kr. 9.180 milljónir. Lokaverð hlutabréfa á árinu var kr. 20,4 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. desember 2016 voru 450 milljónir og voru hluthafar 387 talsins.

### **Kynningarfundur 2. febrúar 2017**

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 2. febrúar í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík kl. 08:30. Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum verður hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), að honum loknum.

### **Fjárhagsdagatal**

- 31.01.2017 Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör ársins 2016.
- 03.03.2017 Aðalfundur ársins 2016
- 26.04.2017 Fyrsti ársfjórðungur 2017 uppgjör
- 23.08.2017 Annar ársfjórðungur 2017 uppgjör
- 25.10.2017 Þriðji ársfjórðungur 2017 uppgjör
- 31.01.2018 Fjórði ársfjórðungur og ársuppgjör 2017
- 02.03.2018 Aðalfundur ársins 2017

### **Samþykkt ársreiknings**

Ársreikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. þann 31. janúar 2017. Uppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

### **Nýherji hf.**

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavini að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR.

Í stjórn Nýherja eru Ívar Kristjánsson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Loftur Bjarni Gíslason og Guðmundur Jóh. Jónsson. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

### **Nánari upplýsingar**

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

---

#### Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.